


**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2014**

<b>Rekstur</b>	Samstæða <b>2014</b>	Samstæða <b>2013</b>	Samstæða <b>2012</b>	Samstæða <b>2011</b>	Samstæða <b>2010</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur .....	10.628,2	10.207,1	9.393,9	8.451,2	7.601,5
Aðrar tekjur .....	24,2	12,1	52,5	57,5	34,5
Vöru- og umbúðanotkun .....	(5.734,7)	(5.347,7)	(4.903,0)	(4.343,5)	(4.127,0)
Laun og tengd gjöld .....	(2.296,1)	(2.172,0)	(1.980,0)	(1.818,4)	(1.625,9)
Annar rekstrarkostnaður .....	(1.672,1)	(1.678,6)	(1.583,0)	(1.422,5)	(1.416,2)
Afskriftir .....	(312,0)	(295,1)	(288,2)	(291,6)	(270,3)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>637,5</b>	<b>725,8</b>	<b>692,2</b>	<b>632,7</b>	<b>196,6</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	14,0	22,6	29,0	39,9	24,4
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(117,4)	(175,9)	(170,9)	731,0	(41,8)
<b>Hagn. fyrir skatta</b>	<b>534,1</b>	<b>572,5</b>	<b>550,3</b>	<b>1.403,6</b>	<b>179,2</b>
Tekjuskattur .....	(101,0)	(106,3)	(87,2)	(224,4)	7,2
<b>Heildarafkoma ársins</b>	<b>433,1</b>	<b>466,2</b>	<b>463,1</b>	<b>1.179,2</b>	<b>186,4</b>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>948,1</b>	<b>1.006,2</b>	<b>973,0</b>	<b>905,9</b>	<b>462,2</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>31.12.14</b>	<b>31.12.13</b>	<b>31.12.12</b>	<b>31.12.11</b>	<b>31.12.10</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir .....	4.088,0	3.900,3	3.519,0	3.503,2	3.618,1
Veltufjármunir .....	3.367,0	3.120,2	2.788,5	2.392,9	2.001,8
<b>Eignir</b>	<b>7.455,0</b>	<b>7.020,5</b>	<b>6.307,5</b>	<b>5.896,1</b>	<b>5.619,9</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>3.983,8</b>	<b>3.578,0</b>	<b>3.139,7</b>	<b>2.710,9</b>	<b>1.547,0</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	496,0	480,7	462,9	431,7	435,8
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	2.141,0	2.302,1	2.433,1	2.394,0	2.515,4
Skammtímaskuldir .....	1.330,2	1.140,4	734,7	791,2	1.557,5
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.471,2</b>	<b>3.442,5</b>	<b>3.167,8</b>	<b>3.185,2</b>	<b>4.072,9</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>7.455,0</b>	<b>7.020,5</b>	<b>6.307,5</b>	<b>5.896,1</b>	<b>5.619,9</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	949,5	1.020,9	980,4	924,3	466,9
Innra virði .....	8,0	7,4	6,8	6,3	3,5
Veltufjárhlutfall .....	2,5	2,7	3,8	3,0	1,3
Eiginfjárhlutfall .....	53%	51%	50%	46%	28%
<b>Ársverk</b>					
Unnin ársverk .....	409	403	420	414	416



Reykjavík, 19. febrúar 2015.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma ársins 2014

- **Tekjur ársins 10.628 m.kr. en 10.207 m.kr. árið 2013**
- **433 m.kr. hagnaður á árinu á móti 466 m.kr. árið áður**
- **EBITDA afkoma var 950 m.kr. en 1.021 m.kr. árið 2013**
- **Eiginfjárlutfall 53% í árslok 2014 en 51% árið áður**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjararði hf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á árinu 2014 var 433 m.kr. skv. rekstrarreikningi. Árið áður var 466 m.kr. hagnaður. Eigið fé er 3.984 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 53%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 10.628 m.kr. árið 2014, en 10.207 m.kr. árið áður og hækka því um rúm 4%. Aðrar tekjur voru 24 m.kr. en 12 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 5.735 m.kr. en 5.348 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 2.296 m.kr. og hækkaði um tæp 6%, annar rekstrarkostnaður var 1.672 m.kr. og lækkaði lítillega. Afskriftir hækkuðu um tæp 6%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 638 m.kr., en 726 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 950 m.kr. en var 1.021 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 117 m.kr., en voru 176 m.kr. árið áður. Gengistap nam 13 m.kr. samanboreð við 6 m.kr. árið áður.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 14 m.kr. en árið áður um 23 m.kr. Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 101 m.kr. en 106 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 433 m.kr. en 466 m.kr. árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 948 m.kr. árið 2014 samanboreð við 1.006 m.kr. árið 2013. Heildareignir Sláturfélagsins 31. desember 2014 voru 7.455 m.kr. og eiginfjárlutfall 53%, en 51% árið áður. Veltufjárlutfall var 2,5 árið 2014, en 2,7 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 491 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 681 m.kr. árið áður. Á árinu var m.a. byggt 1.500 fermetra vöruhús í Þorlákshöfn undir áburð og lokið var við viðbyggingu á starfstöð félagsins á Selfossi auk fjárfestinga í vélbúnaði. Seldar voru eignir fyrir 5 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2014 var í aprílmánuði greiddur 13,7% arður af B-deild stofnsjóðs alls 25 m.kr. og reiknaðir 6% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 18 m.kr.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundi í dag.

Sláturfélagið er skráð á First North hjá NASDAQ OMX. Viðurkenndir ráðgjafar félagsins (e. Certified Advisors) eru Ágúst H. Ólafsson og Árni Jón Árnason hjá Deloitte – first-north@deloitte.is. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu fyrri árhelmingis ársins 2015 þann 25. ágúst 2015.

### Aðalfundur

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 20. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 11% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 1%, alls 19,8 m.kr. eða 0,11 kr. á hvern útgefin hlut og reiknaðir 5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 15,8 m.kr.

### Staða og horfur

Afkoma Sláturfélagsins hefur verið stöðug og góð undanfarin ár. Fjárhagsstaða félagsins er einnig mjög sterk með 53% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,5. Árleg greiðslubyrði lána er lág miðað við greiðslugetu félagsins og skuldahlutfall lágt.



Áhrif af vaxandi innflutningi á kjöti hafði neikvæð áhrif á rekstur afurðahluta félagsins á árinu 2014. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram á árinu 2015.

Staða lykilvörumerkja SS í kjötiðnaði er sterk og ímynd félagsins á markaði góð. Samt sem áður er reiknað með að erfiðar markaðsaðstæður á kjötmarkaði hafi neikvæð áhrif á afkomu kjötiðnaðar á árinu.

Matvöruhloti innflutningsdeildar og búvöruhloti innflutningsdeildar er vaxandi í starfsemi félagsins. Sala á áburði, kjarnfóðri og öðrum rekstrarvörum bænda gengur vel og góð tækifæri til áframhaldandi vaxtar.

#### **Fjárhagsdagatal**

Aðalfundur 2015	20. mars 2015
Janúar – júní 2015 uppgjör	25. ágúst 2015
Júlí – desember 2015 uppgjör	18. febrúar 2016
Aðalfundur 2016	18. mars 2016

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – [steinthor@ss.is](mailto:steinthor@ss.is)  
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – [hjalti@ss.is](mailto:hjalti@ss.is)